

# FRÆÐANDI OG ÁHUGAVERÐ FRAMMISTÖÐUSAMTÖL

Í nóvember og desember eiga sér stað frammistöðusamtöl við bílstjóra í Akstursþjónustu. En Akstursþjónusta Hópbíla þjónustar PANT aksturinn fyrir Strætó BS. Samtölin eru sannarlega lærdómsrík og fræðandi fyrir alla þá sem þátt taka, bæði verkefnastjóra og bílstjóra.

Í samtölunum er farið yfir aksturshegðun hvers bílstjóra. Þar er rýnt í hvort bílstjóri hafi mælst með einhver öryggisatvik. Undir öryggisatvik heyrja hraðaaukningar, bremsun, hægri beygja og vinstri beygja. Tölfræði yfir öryggisatvik er skoðuð og til samanburðar er meðaltal öryggisatvika hjá öllum bílstjórum Akstursþjónustu PANT. Þá fær hver bílstjóri yfirlit yfir fjölda öryggisatvika síðustu sex mánuði.

Í framhaldi er farið yfir eldsneytisnotkun bílstjórans yfir sex mánaða tímabil. Þar er t.d. skoðað hvort bílstjóri hafi alltaf verið á sama bílnum og hvort munur sé á eldsneytisnotkun bílstjórans á milli mánaða og árs-tíða.

Hár hlutfallslegur lausagangur helst oft í hendur við mikla eldsneytisnotkun. Í samtalinu er farið yfir hlutfallslegan lausagang hvers bílstjóra, hrósað fyrir það sem vel er gert en einnig rýnt í hvort það séu einhverjir ákveðnir staðir þar sem bílstjóri gæti drepíð á bílnum í stað þess að hafa hann í lausagangi. Hér er einnig farið í samanburð við meðaltal hópsins sem bílstjóri tilheyrir.

Hver bílstjóri fær út prentaðar niðurstöður sem sýna frammistöðu hvers og eins. Á því formi er einnig meðaltal hópsins til samanburðar. Auk ofangreindra upplýsinga má þar einnig finna upplýsingar um heildartíma í akstri og heildar fjölda kílómetra sem bílstjórinn hefur ekið yfir ákveðið tímabil.

Bílstjórar taka virkan þátt í samtalinu, eru áhugasamir um hvað er vel gert og hvar er hægt að bæta sig. Enda hafa frammistöðusamtöl þeirra hópa sem hafa átt í samtali við verkefnastjóra gert það að verkum að töluverð bæting er í tölfræðinni í kjölfarið. Þar eiga bílstjórar sannarlega þakkir og hrós fyrir metnaðarfull viðbrögð og mjúkan akstur.



## Í fréttabréfinu

Frammistöðusamtöl.....	1
Aksturshegðun og samanburðar tölfræði .....	2
Fannst bangsi í bílnum? Vaktstjóralfífið.....	3
Jólaakveðja .....	4

# AKSTURSHÉÐUN OG SAMANBURÐAR TÖLFRÆÐI SEPT-OKT 2024

Hér gefur að líta heildaryfirlit um aksturshegðun og samanburðar tölfræði bílstjóra Hópíbila og Hagvagna. Hópnum er skipt upp í fjóra flokka. Flokkur **100** er hópferðadeild, flokkur **200** er strætisvagnadeild, flokkur **400** eru landsbyggðarvagnar og flokkur **500** eru bílar í akstursþjónustu fatlaðra og eldra fólks. Vert er að taka fram að flokkur 200 er skemmra á veg kominn í kerfinu.



# FANNST BANGSI Í BÍLNUM ?

## VÍKINGUR KRISTJÁNSSON – VAKTSTJÓRI

Fyrir tæpu ári síðan var ég boðaður í starfsviðtal vegna vaktstjórastöðu sem ég sá auglýsta og ákvað af hálfgerðri rælni að sækja um. Ég þori að viðurkenna núna að ég vissi lítið um hvað í vinnunni fólst, en ákvað að skrapa saman allan þann sjarma sem ég gat mögulega fundið til að taka með mér í viðtalið. Tuttugu ára leikarareynsla kom mögulega líka að gagni.

Alla vega fékk ég hringingu nokkrum dögum síðar, þar sem mér var tilkynnt að djobbið væri mitt.

Ef ætlunin var að finna notalegt skrifstofustarf, afslappaða og þægilega inni vinnu, þá kyssti ég þær vonir bless þegar ég varð vaktstjóri, og horfði á eftir þeim fjúka út í veður og vind. Settist því næst við skjáinn á kontórnum og rýndi í síður Vegagerðar og Veðurstofu.

Getur bíllinn frá Akureyri haldið áætlan? Hvað með Höfn? Það var að koma tilkynning frá Herjólfri, hann fer í Þorlákshöfn en ekki Landeyjarhöfn. Sem er vesen, við þurfum að leysa bílstjóramál, af því bílstjóri A sem ætlaði að taka heimkeyrsluna úr Álverinu gleymdi að láta vita að hann átti tíma hjá kírópraktor og ég þurfti að nota bílstjóran sem ég ætlaði að senda í Þorlákshöfn í staðinn. En áður en ég leysi það þarf ég að hringja í bílstjóran á bíl fimmhundraðögbleddíble og segja honum að það sé aðili á leiðinni til hans að gefa honum start. Hvar var hann aftur staddur... Hvassaleiti, Háaleiti, eða var það Hressaleiti? Guði sé lof fyrir Traffiloggin. Er frístundin ekki örugglega öll farin af stað? Bíddu bíddu... af hverju er bílstjóri B kominn í Kópavog? Við sjáum ekki um skólaakstur þar!

Hvað var málið með hópstjóran sem hringdi áðan og vildi breyta plani, sleppa því að heimsækja íshella og fara í staðinn að skoða hraundranga, sem reyndar væri aðeins af leið og myndi kannski ef til vill mögulega lengja akstur tíma bílstjórans um nokkrar klukkustundir, en samt mjög fáar, nánast ekki neitt. Ég þarf að senda bréf í markaðsdeildina og tilkynna um þetta. Heyra í bílstjóranum. Er hann að keyra eða er hann stopp? Ok, hann er stopp við Skógarfoss, þarf líklega að bíða af því rokið er komið upp í 35 hnúta. Hvenær á að lægja? Er hálka? Var ekki örugglega búið að láta bílstjóran sem ekur í Landeyjarhöfn vita að Herjólfur fer ekki þangað? Hann má ekki selja miða þangað. Fer bara á Hvolsvöll.

Síminn hringir. Kona frá þjónustuveri Strætó. Getur verið að það hafi fundist bangsi í bílnum sem ók til Akureyrar á fimmtudaginn í þar síðustu viku?

Ég segi henni að ég muni ganga í málið. Stend upp og fæ mér kaffi. Guði sé lof fyrir að hér er gott kaffi. Og þótt einhverjum kann að finnast það undarlegt, þá segi ég það satt, mér finnst gaman í vinnunni.



**STARFSFÓLK HÓPBÍLA, HAGVAGNA OG  
HAGVAGNA ÞJÓNUSTU SENDA  
VIÐSKIPTAVINUM OG ÖÐRUM  
VELUNNUM SÍNA BESTU  
JÓLAKVEÐJUR OG ÓSKIR UM  
FARSÆLT KOMANDI ÁR.**

**Hópbílar hf.**  
Melabraut 18  
220 Hafnarfirði

**Umsjón, skrif og ábyrgð:**  
Leifur S. Garðarsson  
Verkefnastjóri



**HÓPBÍLAR**

*Hafsvæðing*

